

**425. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn að Miðtúni 1,  
Tálknafirði, miðvikudaginn 9. febrúar 2011 og hófst hann kl. 17:00**

**Fundinn sátu:**

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir (EIS), Birna Benediktsdóttir (BB), Bjamveig Guðbrandsdóttir (BG), Ásgeir Jónsson (ÁJ), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Ása Jónsdóttir (ÁJ),

**Fundargerð ritaði:** Ása Jónsdóttir , ritari

Oddviti kannaði hvort athugasemdir væru við boðaða dagskrá. Svo var ekki. Oddviti óskaði eftir afbrigði, að tekin verði á dagskrá sem liður nr. 2, fundargerð 1.fundar Félagsmálanefndar Vestur-Barðastrandasýslu. Aðrir liðir færast aftar á dagskrá sem þessum nýja lið nemur. Samþykkt samhljóða. Gengið til dagskrár.

**Dagskrá:**

- 1. 1101011F - Húsnaðisnefnd - 12**  
Fundargerðin staðfest samhljóða.
- 2. 1102005 - Félagsmálanefnd Vestur-Barðastrandsýslu fundargerð 1.fundar**  
Fundargerðin staðfest samhljóða.
- 3. 1102027 - Samband íslenskra sveitarfélaga fundargerð 782.fundar stjórnar þann 10.desember 2010**  
Lagt fram til kynningar.
- 4. 1102028 - Samband íslenskra sveitarfélaga fundargerð 783.fundar stjórnar þann 28.janúar 2011**  
Lagt fram til kynningar.
- 5. 1102033 - Aðalskipulag Tálknafjarðarhrepps 2006 - 2018, breyting.**  
Tekið fyrir erindi frá landeiganda Sveinseyrar og eigendum Þórodds ehf., um breytingu á Aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018. Annars vegar er farið fram á að afmarka svæði fyrir vatnsvermd á landi sem í dag er skilgreint sem landbúnaðarsvæði og óbyggt svæði. Vatnsverndarsvæðið mun ná yfir hlíðar Bæjarfjalls og Hlíðarfjalls og vatnsvið þeirra áa/lækja sem þar renna. Hins vegar er breytt landnotkun í landi Suðureyrar sem skv. aðalskipulagi er skilgreint sem hverfisverndarsvæði. Gert er ráð fyrir að skilgreina iðnaðarsvæði fyrir þorskeldi á hluta hverfisverndarsvæðisins.  
Samþykkt að vísa erindinu til bygginga- og umhverfisnefndar. Samþykkt samhljóða.
- 6. 1012041 - Tillaga að framlengingu samnings við Gámaþjónustu Vestfjarða um sorphirðu.**  
Hreppsnefnd samþykkir samhljóða undirritaðan samning.
- 7. 1009023 - Lóðarleigusamningar vegna sumarhúsalóða**  
Á 421.fundi 13.okt 2010, lá fyrir lóðarleigusamningur, eftir yfirlestur lögmannshjá Sambandi Ísl. sveitarfélaga, liggja fyrir drög að tímabundnum lóðarleigusamningi fyrir sumarhús,

hreppsnefnd samþykkir að fela oddvita að ganga frá samningnum með smávægilegum breytingum. Samþykkt samhljóða.

- 8. 1101055 - Niðurstöður úttektar á starfsemi framhaldsd. á Patreksfirði.**  
Niðurstöðumar sýna fram á augljósan ávinning fyrir samfélögin á sunnanverðum Vestfjörðum, sem og Fjölbautskóla Snæfellinga.  
Útskriftarnemar úr 10. bekk grunnskóla eru að skila sér mun betur í framhaldsnám heldur en þau gerðu fyrir tilkomu deildarinnar og mun fleiri eru að ljúka námi á framhaldskólastigi með góðum árangri, jafnvel innan fjögurra ára.
- 9. 1102003 - BsVest Félagsþjónusta Vestur-Barðastrandarsýslu - samningar - skipting fjármuna**  
Oddvita falið að undirrita samninginn f.h. Tálknafjarðarhrepps. Samþykkt samhljóða.
- 10. 1102004 - Barnaverndarnefnd áætlun fyrir 2010-2014 til umfjöllunar og samþykkta.**  
Hreppsnefnd samþykkirstefnu og framkvæmdaáætlunina samhljóða.
- 11. 1102002 - Félags- og tryggingamálanefnd umsögn um frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu og málefni aldraðra (einbýli), 214.mál.**  
Engin umsögn send.
- 12. 1102001 - Félags- og tryggingarmálanefnd Alþingis umsögn um þingsályktun um áætlun í jafnréttismálum, 334.mál.**  
Engin umsögn send.
- 13. 1102006 - Félags- og tryggingamálanefnd umsögn um frumvarp til laga um félagslega aðstoð, 114.mál.**  
Engin umsögn send.
- 14. 1102023 - Sögufélag Barðastrandarsýslu biðni um fjárstyrk**  
Samþykkt samhljóða.
- 15. 0811032 - Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra**  
Álagningu fasteignagjalfa lokið. Farið yfir stöðu mála vegna borunar 1100 metra skáholu í landi Litla-Laugardals. Kynntar teikningar af endurbyggingu gömlu bryggju og fyrirhugað er að framkvæmdir hefjist nú í sumar. Gengið hefur verið frá ráðningu forstöðumanns tæknideildar Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar. Kynnt drög að reglum leikskólans Vindheima, sem sent verður til umsagnar skólanefndar. Næsti hreppsnefndarfundur mun verða þriðjudaginn 8.mars.
- 16. 1101056 - Ungt fólk - rannsóknir**  
Lagt fram til kynningar.
- 17. 1102024 - Umhverfisráðuneytið gildistaka mannvirkjalaga**  
Erindinu visað til bygginga- og umhverfisnefndar til kynningar.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:20**

